

# Umræða á skrytnu plani

Á LAUGARDAG síðastliðinn var grein undir fyrirsögninni „Langsótt að telja að neyðarástand sé í miðbænum út af lokunum“ og látið í það skína að Geðhjálpar hafi einhvern tímann sagt svo vera. Það er bara einfaldlega út í hött. Í yfirlýsingu stjórnar Geðhjálpar sem vitnað hefur verið til í fjölmiðlum var lýst yfir áhyggjum vegna hóps geðsjúkra sem eru heimilislausir. Á öðrum stað í ályktun þessari mótmælum við lokunum geðdeilda í sumar sem valda geðsjúkum og aðstandendum þeirra miklum óþægindum. Í viðtali við Engilbert Sigurðsson, yfirlækni á geðdeild Landspítala, og Svein Magnússon, skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, gætir verulegs misskilnings þar sem þessu er öllu blandað saman og látið í það skína að Geðhjálpar sé að beintengja á milli vandræðaástands í miðbænum og lokana deilda. Í viðtali í fréttum Stöðvar 2 sagði undirritaður skýrt að það óþryggi sem talað væri nú um í miðbænum væri ekki af völdum geðfatlaðra og vitnaði í lögregluna sem hefur staðfest það við Geðhjálpar. Þetta þarf að vera alveg á hreinu. Geðfatlaðir einstaklingar sem stundum er haldið á sterkum lyfjaskömmum og sjást í miðbænum eru miklu síður að beita ofbeldi en hinir „heilbrigðu“ sem ekki hafa greinst með nein geðræn vandamál. Aldrei hefur undirritaður eða Geðhjálpar tengt eitthvað svokallað neyðarástand í miðbænum við fjölda geðfatlaðra á götunum. Annað væri nú þar sem um hagsmunasamtök fólks með geðsjúkdóma og geðraskanir er að ræða. Ég vona að viðbrögð og tilsvör þeirra Engilberts og Sveins séu tilkomin vegna þess að þeir hafi fengið rangar upplýsingar. Sjónvarpið tók líka við mig viðtali þar sem ég var spurður hver



Sigursteinn Másson

ástæðan væri fyrir því að meira væri um geðfatlað fólk í miðbænum nú en áður. Ég sagði að ég teldi í fljótu bragði ástæðuna vera tvíþætta. Annarsvegjar væru geðdeildir lokaðar, þar á meðal bráðamóttökudeild fyrir vímuefnaneytendur með geðraskanir, og hinsvegjar væri skortur á fleiri sambylum á höfuðborgarsvæðinu. Það sem gerðist í fréttatímanum sjálfum var hinsvegjar það að klippt var út það sem ég sagði um sambylin en aðeins lokunum haldið inni. Vera kann að þessi óvandaða fréttamenska hafi

vegjar það að klippt var út það sem ég sagði um sambylin en aðeins lokunum haldið inni. Vera kann að þessi óvandaða fréttamenska hafi

## Geðhjálpar

**Það er ykkar sem stýrið geðheilbrigðiskerfinu á Íslandi, segir Sigursteinn Másson, að sjá til þess að kerfið virki.**

leitt til þessara viðbragða Engilberts og Sveins. Engilbert má þó ekki verða uppvis að þeirri ónákvæmni sem birtist í viðtalinu við hann á laugardag. Orðrétt er haft eftir honum: „Það eru allir vistaðir sem þurfa bráðameðferð og bráðþjónustu“. Það er einfaldlega ósatt, Engilbert, að þannig hafi þetta gengið fyrir sig í sumar. Í Geðhjálpar höfum við ítrekað fréttir af fólki sem vísað hefur verið frá bráðamóttökunni vegna plássleysis og ef þeir sem ætla að þrjúskast frekar við að verja ástandið eins og það er búið að vera þá bendi ég viðkomandi á að tala við Karl Steinar Valsón aðstoðaryfirlögregluþjón sem lýsti því yfir í fréttum að ástandið væri þannig að ósjaldan þyrfti að vista veikt fólk á geði í fangakleff-

um. Engilbert, það eru ekki allir vistaðir sem þurfa bráðameðferð og bráðþjónustu og ástandið hefur trúlega verið verra í sumar en síðustu áratugi. Sjálfur segir hann í Morgunblaðinu að lokanirnar í ár séu í rauninni mjög sambærilegar og verið hefur síðustu ár. „Þó hafi verið aðeins meira en undanfarin ár núna fyrri hluta sumar en frá og með mánuðeginum – innsk. mánuðeginum 16. júní. – verður svipað ástand og síðastliðin sumar þegar deild 12 á kleppspítala verður opnuð á ný.“ Engilbert segir að lokanirnar ráðist af því að geðsviðið sé stórt með mikinn fjölda starfsfólks eða um 650 starfsmenn og bætir við: „Það er ekki til á landinu sumrarafleysingafólk til að ganga inn í störf þeirra sem fara í sumarfrí“. Nú á ég erfitt með að skilja réttlættingu yfirlæknisins á þessu ástandi með fjölda starfsmanna geðdeilda. Er það ekki þannig í þessu samfélagi að fyrirtækjum og öðrum stofnunum en kannski þeim sem annast sjúkt fólk er haldið gangandi hvort sem þar vinna hundrað eða átta hundruð manns? Er það ekki yfirleitt þannig, Engilbert, að gerðar eru ráðstafanir í fyrirtækjum og stofnunum sem af efnahagslegum ástæðum verður að halda gangandi yfir sumarið? Er ekki svo að stundum er um hundruði starfsmanna að ræða sem þarf að leysa af? Ég átta mig á því að ekki verður hjúkrunarfræðingur eða læknir þjálfuð upp á nokkrum vikum fyrir sumarafleysingar en það er ykkar sem stýrið geðheilbrigðiskerfinu á Íslandi að sjá til þess að kerfið virki. Ef það vantar peninga frá stjórnvöldum sem líklega er lóðið, þá er það líka ykkar að taka saman höndum við sjúklingasamtökin Geðhjálpar og önnur samtök sem láta sér annað um velferð geðsjúkra og þrýsta á um eðlilegar fjárveitingar, bættu umönnun og aðrar framfarir. Þá ónákvæmni sem birtist í áður nefndri grein er dapurlegt að horfa upp á þegar menn ættu svo sannarlega að fara að taka ástandið í geðheilbrigðisþjónustunni alvarlega. Að lokum vil ég hvetja það fólk sem telur sig hafa orðið fyrir óþægindum vegna lokana deilda og takmarkaðri þjónustu á bráðamóttöku að hafa samband við sjúklingafélagið Geðhjálpar.

*Höfundur er formaður Geðhjálpar.*